



2. desember 2003


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Með bréfi dags. 12. nóvember 2003 óskaði efnahags- og viðskipta-  
nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þings-  
ályktunar um stofnun nefndar til þess að gera tillögu um afnám verð-  
tryggingar á fjárskuldbindingum, 99. mál.

Seðlabanki Íslands hefur nokkrum sinnum á undanförnum árum veitt  
umsagnir til Alþingis um tillögur til þingsályktunar eða frumvörp til  
laga um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum. Tillagan sem hér  
er til umsagnar er annars eðlis þar sem hún felur í sér stofnun nefndar  
sem falið yrði að leggja mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga  
í áföngum. Seðlabanki Íslands leggst ekki gegn stofnun slíkrar nefndar  
og er reiðubúinn að taka þátt í störfum hennar verði tillagan samþykkt.  
Seðlabankinn vekur athygli á því sem komið hefur fram í fyrri um-  
sögnum að afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum til lengri tíma  
væri ekki heppilegt og yrði skuldurum ekki til hagsbóta.

Rétt eins og í umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp  
til laga um vexti og verðtryggðingu dags. 2. desember 2003 vekur  
Seðlabanki Íslands athygli á grein sem birtist í ársfjórðungsriti bankans  
*Peningamálum* í maí sl. og bar yfirskriftina *Verðtrygging og fastir  
vextir*. Í henni koma fram upplýsingar sem að haldi kunna að koma við  
umfjöllun um þingsályktunartillöguna sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Birgir Ísleifur Gunnarsson  
formaður bankastjórnar

  
Jón Sigurðsson  
bankastjóri

13857

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605